

Víkurbraut 24

Dagþjónusta fatlaðra og Fjölskylduþjónusta Sveitarfélagsins Hornafjarðar

Inngangur

Verkefnið snýr skoðun möguleika á að koma undir eitt þak, starfsemi skóla- og frístundasviðs, félagsþjónustu og heimaþjónustudeild. Á sama tíma skal unnið að samþættingu starfsemi heimaþjónustu og heimahjúkrunar. Nánar er fjallað um þá samþættingu í skýrslu sem ber vinnuheitnið „Þjónustan heim“.

Markmið

Makmið sameiningarinnar er að færa starfsemi heimaþjónustudeildar og félagsmálasviðs undir eitt þak, enda heyrir heimaþjónustudeild undir sviðið. Á sama tíma er markmiðið að búa til nýjan vettvang Fjölskylduþjónustu Sveitarfélagsins Hornafjarðar.

Með Fjölskylduþjónustu er átt við starfsstöð þar sem öll þjónusta á vegum sveitarfélagsins, sem snýr að fjölskyldum, sé aðgengileg á einum stað. Með því skapast aukin tækifæri til samvinnu og samþættingu verkferla innan skóla- og frístundasviðs og félagsmálasviðs, á sama tíma og aðgengi að þjónustunni verður auðveldara fyrir þá sem hana nota. Helsta markmið verkefnisins er að gera fjölskyldufólki auðveldara fyrir, að sækja þjónustu og minnka um leið flækjustig innan hennar. Einnig er eitt af höfuð markmiðunum samþættingarinnar að skapa umhverfi þar sem þjónustuþegum líður vel með að sækja sér þjónustu og veigra sér ekki undan því.

Með samþættingunni verður sveitarfélagið betur í stakk búið til að mæta þeim kröfum sem til þess eru gerðar bæði hvað varða skólaþjónustu sem og félagsþjónustu. Til dæmis má skoða reglugerð um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum. Þar segir:

„3. gr.

Hlutverk sveitarfélaga og framkvæmd sérfræðiþjónustu.

Fræðsluyfirvöld í hverju sveitarfélagi skulu fylgjast með og stuðla að því að nemendum og skólum sé tryggður aðgangur að sérfræðiþjónustu.

Sveitarfélög skulu tryggja að viðeigandi sérfræðiþjónusta sé veitt í leik- og grunnskólum, ákveða fyrirkomulag hennar og stuðla að því að hún fari fram innan skóla. Sveitarfélög bera ábyrgð á að þjónustan sé veitt og kostnaði við hana. Sveitarfélög skulu mæla fyrir um það í skólastefnu sinni hvernig markmiðum þessarar reglugerðar verði náð. Við framkvæmd sérfræðiþjónustu skulu sveitarfélög leggja áherslu á:

- *forvarnarstarf til að stuðla markvisst að velferð nemenda,*
- *snemmtækt mat á stöðu nemenda og ráðgjöf vegna námsvanda, félagslegs og sálræns vanda með áherslu á að nemendur fái kennslu og stuðning við hæfi í skólum án aðgreiningar,*
- *að sérfræðiþjónusta mótist af heildarsýn á aðstæður og hagsmuni nemenda, óháð starfsstéttum sérfræðinga og hver veitir þjónustuna,*
- *að styðja á fjölbreyttan hátt við starfsemi og starfshætti í leik- og grunnskólum og starfsfólk þeirra,*
- *stuðning við foreldra með ráðgjöf og fræðslu,*
- *viðeigandi tülkaþjónustu til að tryggja að upplýsingar/ráðgjöf nýtist foreldrum og nemendum,*
- *góð tengsl leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla með samfellu og heildarsýn í skólastarfi að leiðarljósi.*

Við gerð símenntunaráætlana skv. 7. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og 12. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla skal lögð áhersla á að efla þekkingu starfsfólks leik- og grunnskóla á því að leysa viðfangsefni samkvæmt reglugerð þessari innan skólanna.“ (Reglugerð um Sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemandaverndarráð í grunnskólum nr. 584/2010)

Þegar rýnt er í þessa grein má sjá að skyldur sveitarfélaga til skólaþjónustu og þeirra sérfræðipjónustu sem þeim ber skilda til að veita er mjög víðtæk. Það er því mikilvægt fyrir lítil sveitarfélög að fullnýta þá sérfræðipækkingu sem til staðar er. Innan félagsþjónustunnar og skóla- og frístundasviðs starfar mjög fjölbreyttur starfshópur, þroskaþjálfari, félagsráðgjafi, frístundafræðingur auk þess sem starfa sálfræðingur og talmeinafræðingur í verktöku. Það er því mikilvægt að þessi tvö svið tali vel saman og verkferlar séu með þeim hætti að hægt sé að nýta þekkinguna á sem bestan máta fyrir þjónustuþegana.

Bæði í lögum um félagsþjónustu (Lög um félagsþjónustu nr. 40/1991) og fyrrgreindri reglugerð má finna mörg dæmi þar sem þjónusta félagsþjónustu og skóla og frístundasviðs haldast hönd í hönd. T.d. bera bæði svið ábyrgð á að koma að forvarnarstarfi, tryggja túlkapjónustu, tryggja góða upplýsingagjöf til þjónustuþega og aðstandenda, fjölbreyttur stuðningur til barna með fatlanir, hegðunarvanda, námsörðuleika og fleira. Það er mat nefndarinnar að til að vera fært um að sinna þessu hlutverki sé mikilvægt að fullnýta þá þekkingu og reynslu sem til staðar er og er aukið samstarf þessara tveggja sviða mikilvægur hlekkur í því.

Dagleg starfsemi

Sem fyrr segir er um að ræða verkefni sem sameinar undir eitt þak þrjú svið innan stjórnsýslunnar. Heimþjónustudeild hefur undanfarið verið starfsrækt í tveimur húsnæðum, skrifstofa að Silfurbraut 2 og dagþjónusta í félagsheimili Sjálfstæðisflokksins hér á Höfn, Sjallanum. Félagsþjónustusviðið og Skóla- og frístundasvið er til húsa á Þriðju hæð á bæjarskrifstofu sveitarfélagsins. Þar hafa sviðin til fjórar skrifstofur. Ljóst er að starfsmenn munu verða a.m.k. fimm. Auk þess koma sérfræðingar, svo sem félagsráðgjafar, sálfræðingar og talmeinafræðingar, í verktöku sem þurfa að hafa viðunandi vinnu- og viðtalsaðstöðu.

Með flutningi í nýtt húsnæði mun verða bylting í vinnuumhverfi alla þriggja starfsstöðva.

Heimþjónustudeild mun fá betra rými fyrir dagþjónustu sem samanstendur af stóru sameiginlegu rými, eldhúsi, hvíldar og örvunarherbergi, sér húsnæði fyrir iðju og auk þess munu starfsmenn fá betri vinnuaðstöðu.

Félag-, skóla-, og frístundaþjónustan mun þá einnig fá stórbætta aðstöðu. Í húsnæðinu mun verða vinnuaðstaða fyrir átta starfsmenn, ýmist í sameiginlegum vinnurýmum eða skrifstofum, í nýju húsnæði verður viðtalsherbergi sem gerir starfsmönnum kleift að fá til sín skjólstaðinga í viðtöl án þess að þurfa taka þau inn á sitt vinnurými eins og nú er. Sú aðstaða er ekki til eftirbreytni enda fara starfsmenn oft með viðkvæm mál sem snerta persónuleg mál einstaklinga og trúnaðarupplýsingar. Þar með uppfyllir sveitarfélagið þær kröfur sem gerðar eru til verndar persónuupplýsingum og bætir umhverfi starfsmanna og skjólstaðinga til mikilla muna.

Auk þess verður sameiginlegt með öllum starfsmönnum innan hússins eitt stórt fundarherbergi fyrir ca. 12 manns, skjalageymsla og kaffiaðstaða starfsmanna.

Liður í samþættingu heimþjónustu og heimahjúkrunar er að heimahjúkrun hafi sína starfsaðstöðu innan húsnæðisins. Heimahjúkrun mun því hafa til umráða skrifstofu fyrir „rapport“. Það rými má auk

Þess samnýta fyrir meðferðar og skilafundi innan félagsþjónustunnar, teymisfundi félagslegrar heimaþjónustu og aðra álíka þverfaglega teymishópa. Álíka fundarherbergi stendur ekki til boða, hvorki á bæjarskrifstofum eða í núverandi starfsstöðvum Heimaþjónustudeildar. Heimahjúkrun mun þó hafa algeran forgang að þessu rými.

Kostir og gallar

Hér verða listaðir upp helstu kostir og gallar framkvæmdarinnar. Ekki er endilega um tæmandi lista að ræða heldur helstu atriði sem máli skipta þegar litið er til hagkvæmni framkvæmdarinnar.

Heimaþjónustudeild

Kostir	Gallar
Stórbætt aðstaða dagþjónustu	Engir gallar sem veða upp á móti kostum!
Tilkoma aðstöðu fyrir iðju	
Tækifæri við samþættingu heimaþjónustu og heimahjúkrunar	
Starfstöðin öll undir einu þaki	
Aðgengilegra samstarf milli heimaþjónustu og félagsþjónustu	

Félags og skóla- og frístundaþjónusta

Kostir	Gallar
Betra aðgengi fyrir þjónustuþega	Mikill kostnaður
Tækifæri í samræmingu starfsemi	Auka stöðugildi í móttöku
Öflug fjölskylduþjónusta	Aðskilur sviðin frá annarri stjórnsýslu
Stórbætt vinnuaðstaða	Óvissa með ástand hússins
Auðveldara samstarf við heimaþjónustudeild	
Sér aðstaða fyrir viðtöl við þjónustuþega	

Niðurstaða

Ljóst er að ekki verður við núverandi ástand og aðstæður Heimaþjónustudeildar og þjónustuþega hennar unað mikið lengur. Því er mikilvægt að að koma deildinni í varanlegt húsnaði sem hentar starfseminni. Það er mat samráðshóps um Víkurbraut 24, að með því að koma starfseminni þar inn sé búið að skapa deildinni varanlega aðstöðu sem Sveitarfélagið Hornafjörður getur verið stolt af. Eins og lagt er upp með í hugmynd að innra skipulagi (sjá fylgiskjal) á Víkurbraut 24 er gert ráð fyrir að þjónustuþegum muni fjölga úr 15 einstaklingum að meðaltali upp í allt að 30. Þannig er tryggt að húsnaðið mun ekki verða sprungið um leið og flutt er inn í það, heldur mun það geta rúmað þjónustuna til lengri tíma.

Með samþættingu félagsþjónustu og skóla- og frístundasviði innan húsnaðisins gefst spennandi tækifæri til að skapa öfluga fjölskylduþjónustu á einum og sama staðnum. Með starfseminni undir einu þaki er hægt að samþætta verkferla og auðvelda þjónustuþegunum að nýta sér þjónustu sem í boði er fyrir fjölskyldur í sveitarfélaginu. Á sama tíma skapast betri aðstaða til að tryggja að sú þekking og reynsla sem starfsmenn sviðanna búa yfir nýtist sem best í þágu barna og fjölskyldna innan sveitarfélagsins.

Mörg sveitarfélög hafa, annað hvort tekið skrefið að samþætta starfsemi þessara tveggja sviða eða stefna að því í framtíðinni. T.d. má nefna sameiginlegt svið félags- og skólamála hjá Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, en þar hefur fyrirkomulagið reynst mjög vel. Fljótsdalshérað vinnur með mikla samvinnu af þessu tagi innan austurlandslíkansins, Hafnarfjarðarbær hefur komið að stað verkefni sem kallað er Brúin sem snýr að samstarfi félagsþjónustu og skólaþjónustu og þá er Árborg að horfa til svipaðra hugmynda.

Nokkur tækifæri eru falin í því að koma félagsþjónustu og heimaþjónustu undir eitt þak. Það auðveldar samstarf og sameiginlega ákvörðunartöku. Til dæmis við innleiðingu verkferla þar sem deildarstjóri heimaþjónustu situr meðferðarfundi með starfsmönnum félagsþjónustu um mál er varðar sameiginlega skjólstæðinga. Dæmi um þetta er afgreiðsla umsókna um heimaþjónustu sem ekki hefur verið í skírur farvegi lengi. Einnig sameinast starfskraftar þeirra sem vinna að málefnum dagþjónustu fatlaðs fólks, starfsmönnum félagsþjónustu sem fer með málefni barna með fatlanir og félagsþjónustu til einstaklinga með fatlanir.

Eins og tekið er fram hér í upptalningunni að ofan þá er ekki aðeins um kosti að ræða við framkvæmd þessa verkefnis. Ljóst er að endurbætur á húsnæðinu munu vera mjög kostnaðarsamar þó það sé trú samráðshópsins að með framkvæmdinni muni skapast virkilega öflug starfsstöð sem geti skapað þeim sem innan hennar starfa frábært starfsumhverfi. Einnig er ekki vitað með vissu hvaða vinnu þarf að leggja í við ytra bygðri húsnæðisins og raka sem er sýnilegur á útveggjum.

Það er mat starfsmanna félags-, og skóla- og frístundasviðs að ekki sé hægt að reka starfsstöðina án þess að hafa góða aðgangsstýringu í húsinu og auk þess sé mikilvægt að starfsmaður sé í móttöku. Ekki þarf þó endilega að vera um fullt stöðugildi að ræða. Það myndi þó skerða þann tíma sem skjólstæðingar gætu sótt þjónustuna. Þann hluta þarf að skoða nánar ef verkefnið kemur til framkvæmda. Starfsmenn vilja þó taka fram að þeir telja að það séu mörg tækifæri í því að nýta móttökuritarar til annara verka samhliða.

Stærsti ókostur við verkefnið er að félags og skólaþjónusta mun vera slitin frá annari stjórnslu innan sveitarfélagsins af einhverju leiti. Til dæmis fjármálastjóra og launafulltrúa og umsjónarmanni fasteigna, en sviðin eiga oft í miklu samstarfi. Best væri ef hægt væri að skapa öflugt fjölskyldusvið innan núverandi húsnæðis bæjarskrifstofa sveitarfélagsins. Til þess þyrfti þó að ganga í nokkuð gagngerar endurbætur á húsnæðinu og því samhliða miklum kostnaði og röskun á starfsemi þar innan. Það er því álit starfsmanna sviðana að þessi ástæða ætti ekki að ganga framar bættri starfsaðstöðu og möguleika á bættri þjónustu.